

Ný bók um foreldraorlof, umhyggjustefnu og jafnrétti kynja, í ritstjórn Ingólfss V. Gíslasonar og Guðnýjar Bjarkar Eydal.

TemaNord gefur út bókina sem heitir **Föräldraledighet, omsorgspolitik och jämställdhet i Norden**. Í bókinni er fjallað um samspil nokkurra þátta, foreldraorlofs, umhyggjustefnu gagnvart börnum, líðanar og stöðu barna og jafnréttis kynja.

Rannsóknin hófst árið 2009 að frumkvæði Íslands sem það ár fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Þetta var stærsta verkefni norræna jafnréttissamstarfsins árið 2009 og var fjármagnað af ráðherranefndinni, auk REASSESS – Norræns öndvegisseturs í velferðarrannsóknum. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið gefnar út á bók sem skrifuð var í samstarfi fræðimanna á öllum Norðurlöndunum. Ritstjórar voru Ingólfur V. Gíslason og Guðný Björk Eydal.

Í bókinni rekja höfundar þróun laga um fæðingarorlof á Norðurlöndunum og hvernig það hefur verið nýtt af foreldrum. Þá er fjallað um umönnunarstefnu gagnvart börnum á Norðurlöndum og vakin athygli á því hvað hún er í reynd fjölbreytt þrátt fyrir svipuð markmið. Sérstakur kafli er helgaður stöðu barna og raktar þær rannsóknir sem aðgengilegar eru varðandi líðan þeirra. Loks er fjallað um pólitísk átök um umönnunarstefnur og vakin athygli á því hvernig áherslur þar hafa tilhneicingu til að víkja frá hefðbundinni skiptingu í hægri og vinstri flokka.

Bókin er aðgengileg á slóðinni:

<http://www.norden.org/en/publications/publications/2010-595>